

Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts 2021

Haldinn miðvikudaginn 2021-02-24 í klúbbhúsi félagsins og með fjarfundarhugbúnaðinum zoom. Fundurinn hófst klukkan 20:00.

Fundinn sátu:

Markús Pétursson	(MP)	
Arnar Þór Stefánsson	(ATS)	
Ríkharður Ólafsson	(RÓ)	
Árni Áskelsson	(ÁÁ)	Zoom, til 21:00
Ólafur St. Arnarsson	(ÓA)	Zoom, til 21:00

Að auki sat fundinn:

Jóhann Tryggvi Jónsson (JTJ) Formaður kjölbátadeildar, Zoom, til 22:00

Dagskrá:

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

- Fundargerð frá fyrsta stjórnarfundum er enn í vinnslu – samþykkt fundargerðar frestað

2. Endurskoða gjaldskrá Þyts

a. Fjölskyldugjald

- Hefur reynst vel fyrir klúbbinn. Félagsgjald og tekjur af sal eru þær tekjur sem stjórn getur ráðstafað í starfinu þar sem þær nýtast best (þ.e. þær tekjur tilheyra ekki ákveðnum hópum).
- Lagt til að halda óbreyttu fyrirkomulagi en hækka gjald í 10.000 kr.
 - Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum
- Loka aðgangskortum að aðstöðu hafi árgjald ekki verið greitt fyrir ákv. tíma
 - Eykur utanumhald, en eykur líkur á að félagatal sé rétt og greitt á tíma.
- Félagsgjald fyrir yngri en 18 ára er í boði sé ekki áhugi fyrir að skrá alla fjölskylduna í klúbbinn. Meðlimur án atkvæðisréttar, hefur ekki verið notað. Lagt til að halda gjaldi óbreyttu (5500 kr.)
 - Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

b. Æfingagjald

- Hugsað til að styðja við klúbbinn vegna þjálfarakostnaðar

- ii. Var ekki innheimt sumar 2020. Þarf að auglýsa þetta gjald betur og skipta árinu upp í tímabil á Nóra.
- c. *Almenn verðskrá*
 - i. Skoða verðskrá hjá öðrum klúbbum og meta viðhalds- / endurnýjunar-þörf áður en almenn verðskrá er samþykkt.

3. Stofna nefnd um kynningarefni fyrir komandi tímabil

- a. [RÓ] og Hulda Stefanía Hólm eru í nefndinni. Friðrik gæti haft áhuga á að starfa í nefndinni.
 - i. Friðrik er til í að taka myndir fyrir kynningarefni gegn vægu gjaldi
 - [MP] tekur að sér að fá tilboð í verkið.
 - Kynningarnefnd skal skilgreina þörfina.
 - ii. Tilboð frá öðrum ljósmyndurum
 - [RÓ] þekkir til og hefur samband við aðra.

4. Dagskrá fyrir árið

- a. *Almennt*
 - i. Sumar og vetrardagskrá í fyrra – mikið spurt um hvenær dagskrá breytist, óljóst í kynningarefni klúbbsins. Skipti hjá æfingahóp voru 15. Október, gekk vel.
 - Festa skipti á almennri dagskrá við ákveðna dagsetningu (t.d. 1. Okt) með þeim fyrirvara að sé bæði veður og birta verði siglt lengra inn í árið.
- b. *Kjölbátar*
 - i. Nota hluta af dagskrá kjölbátahóps fyrir skipulagðar keppnisæfingar.
- c. *Gæslubátar*
 - i. Þjálfun
 - Halda regluleg námskeið (1-2 dagar) á gæslubátana yfir sumarið. Krafa um að hafa lokið slíku námskeiði (eða sambærilegri reynslu) til að mæta á gæslubátaæfingar.
 - Reglulegar æfingar þeirra sem sigla gæslubátum eru mikilvægar.
 - Námskeið í fyrstu hjálpi, með áherslu á viðbrögð við slysum við sjó.
 - ii. Virkja fleiri í að sinna gæslu á opnum húsum – mönnun (fjöldi og hæfni) fer eftir veðri hverju sinni.
- d. *Kænusiglingar*
 - i. Kænuæfingar fyrir fullorðna hafa ekki verið vel nýttar í skipulagðri dagskrá (sunnudagskvöld) og falla niður. Þeir sem vilja nýta kvöldin eru hvattir til að skipuleggja siglingar sjálfir.

ii. Kænuæfingar – Laser

- Laser bátar klúbbsins eru mögulega fullmannaðir
- Keppnishópur ungmenna hefur forgang á bátana, en séu bátar lausir geta fullorðnir nýtt æfingarnar. Fjöldi báta á sjó hefur áhrif á gæði keppnisæfinga, til að mynda í starti og siglingum í braut.

iii. Kænuæfingar – Optimist

- Aðskilja frá eldri hóp sem æfir á Laser (þó mögulegt að keyra æfingarnar samhliða)

iv. Stryktaræfingar fyrir æfingahóp

- Vikulegar yfir sumartímann, 2x í viku að vetri

e. *Bátasmíðar*

i. Áframhaldandi verkefni

5. **Hefja undirbúning fyrir sumarstarfið**

- [RÓ] hefur áhuga á því að taka að sér skipulagið
- [MP] er ábyrgðarmaður gagnvart vinnuskólanum
 - Koma á viðræðum við bæinn, og leggja áherslu á að mikilvægt sé að starfsmenn og flokkstjórar þekki vel til siglinga.

6. **6. bekkjar kynningin**

- Undanfarin ár hefur póstur verið sendur á skólastjóra sem kemur upplýsingunum áfram til umsjónarkennara. Kennarar skrá sig (og sinn bekk) á lista til að staðfesta mætingu.
- Umsjón 2020 var í höndum á [MP] og [ÁÁ] (með aðstoð frá Rikka, Gísla og Pétri) í sjálfboðavinnu. Álagið er mikið á stuttum tíma, fleiri þurfa að koma að verkefninu.

7. **Koma á tengslum við íþróttafélagið Fjörð og aðra aðila sem tengjast starfi við fatlaða og þroskahefta í Hafnarfirði**

- Umræðu frestað vegna fámennis

8. **Fara yfir kostnaðaráætlunina**

- Umræðu frestað vegna fámennis

9. **Þjálfaramál**

- Hugmyndir um þjálfara og hlutverk hans kynntar
 - Tæki hlutverk yfirþjálfara yfir kjölbátum og kænum, en myndi líka sjá um viðhald báta og utanumhald á starfinu.
 - Við erum með tengiliði í skólum erlendis, þar sem þjálfarar eru útskrifaðir í framhaldsskólastigi.
 - Líklegur kostnaður er um 3 milljónir, húsnæði vegur þungt.

10. Tilboð Gísla til klúbsins um kaup á kajökunum hans.

- a. Formaður kayak deildar er í viðræðum við Gísla
 - i. Fá upplýsingar um hvaða bátar þetta eru og hvaða annar búnaður getur fylgt, t.d. svuntur, árar, barnaárar.
 - ii. Fá tilboð
- b. Klúbburinn hefur einnig pantað báta hjá GG sport
 - i. Sjókayakar sem henta vel í starfið, fínir millibátar
 - ii. Skoða að kaupa þá báta líka – áhugi á kayak siglingum var mikill síðasta sumar.

11. Stofnun laganevndar

- a. Umræðu frestað vegna fámennis

12. Upplýsa um stöðu gæslubátsins í viðgerð

- a. Báðir stærri bátarnir þurfa viðhald
 - i. Rifið flot á hlið á bát **2?**
 - Bátur er nothæfur, en fyrri viðgerð heldur ekki til lengri tíma
 - Tilboð fyrir smíði á nýju floti er til staðar
 - Ólíklegt að farið verði í framkvæmd fyrr en staðan á hinum stóra bátnum er þekkt.
 - ii. Vatn í olíu á bát **1?**
 - Er í viðgerð – óþekkt staða
 - Möguleg tæring eða ónýt pakkning

13. Kynna hvað er að gerast í aðstöðunefndinni

- a. Næsti fundur aðstöðunefndar verður 10. Mars

14. Tölvupóstar sem hafa borist til stjórnar

- a. Umræðu frestað vegna fámennis

15. Önnur mál

- a. Fjarfundarbúnaður fyrir stjórnarfundi
 - i. Samþykkt að skoða hvers konar búnaðar er þörf og hver kostnaður er
- b. Bókhald
 - i. Rætt um aðskilnað í bókhaldi fyrir hverja deild
- c. Opin hús
 - i. Opin hús eru mikilvæg auglýsing fyrir klúbbinn og hafa verið mjög vinsæl

- ii. Þörf á að skoða hver staða klúbbsins er hvað varðar tryggingar og lög (leyfi forráðamanna fyrir þátttöku barna, siglingar aðila sem ekki eru skráðir í klúbbinn)
 - iii. Bæta skráningu á hverjir eru að nýta sér opin hús
- d. Búnaður
- i. Þörf á tiltekt í hitakompu
 - ii. Skoða hvort klúbburinn kaupir og haldi við ákv. fjölda blautbúninga fyrir sumarstarf
 - Nýtast fyrir þá krakka sem vilja prufa að æfa með þyt (hár startkostnaður íþróttarinnar getur verið fyrirstaða fyrir þá sem vilja prufa.
 - Mögulegt að leigja gallana út á opnum húsum gegn vægu gjaldi.
 - iii. Halda basar fyrir notaðan búnað (börnin stækka en gallinn ekki)
 - Þjóða öðrum klúbbum að vera með
 - Athuga hvort GG sport, Hafsport eða aðrir aðilar hafi áhuga á að taka þátt
 - Halda 2x á ári – fyrir sumartímann (maí) og fyrir vetrartímann (september)
 - iv. Skrófa á ,nýja' gæslubát er of lítil, skoða kaup á nýrri
 - v. Kerrur
 - Sjósetningarkerrur
 - Flutningskerrur
- e. Barnastarf
- i. Möguleikar á að halda úti barnastarfi á kayak
- f. Kjölbátafundur
- i. Skilgreina nauðsynlegt viðhald – halda bátum í góðu almennu ástandi
 - ii. Skilgreina óskaviðhald – halda bátum í keppnisástandi
 - Möguleikar á að fá styrktaraðila

Fundi slitið klukkan 23:00

Fundinn ritaði [ATS]